

Upplýsingapakki um **BAKHJARLA FLÓTTAFÓLKS**



AMNESTY
INTERNATIONAL



Efnisyfirlit

1	Metfjöldi flóttafólks í heiminum	5
1.1	Endurbúsetu- og kvótaflóttamannakerfið	6
1.2	Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna 2018	8
2	Bakhjarlar flóttafólks	9
2.1.	Hvað eru Bakhjarlar flóttafólks?	9
2.2.	Lykilaðilar í Bakhjörum flóttafólks	10
2.3.	Af hverju er Bakhjarlar flóttafólks vænleg leið?	12
2.4.	Greining á þjónustu við flóttafólk	14
2.5.	Könnun Amnesty International á afstöðu til flóttafólks	15
3	Af hverju Amnesty International?	16
4	Yfirlit bakhjarlaleiða	18
	Yfirlit yfir ólíkar bakhjarlaleiðir	20
5	Ísland leggi meira af mörkum	22




1

Metfjöldi flóttafólks í heiminum

Ísland er ásamt 145 ríkjum aðili að alþjóðasamningi um réttarstöðu flóttamanna frá árinu 1951 sem kveður á um að ríki skuli vernda flóttafólk og að ríkjum sé ekki heimilað að vísa brott flóttamanni til heimalands síns þegar líklegt er að hann sæti þar alvarlegum mannréttindabrotum á grundvelli kynþáttar, trúar, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða aðildar að sérstökum félagsmálahópum. Það er því grundvallarréttur sérhvers manns að geta flúið heimaland sitt og fengið vernd í öðru landi verði hann fyrir ofsóknum af hendi ríkisvalds í eigin ríki eða ef ríkisvaldið getur ekki veitt viðkomandi vernd fyrir ofsóknum eða undan stríði og átökum.

Hinn 14. desember 2020 voru sjötíu ár liðin frá því að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna var sett á laggirnar en aldrei hafa jafn margir neyðst til að flýja heimili sín, sökum stríðsátaka, ofsókna eða annarra mannréttindabrota, eða tæplega 80 milljónir árið 2019. Þeirra á meðal 26 milljónir flóttafólks, þar af helmingur undir 18 ára aldri. Þetta jafngildir því að einn af hverjum 97 einstaklingum í heiminum hafi þurft að flýja heimili sitt á árinu 2019 eða ein manneskja á tveggja sekúndna fresti, samkvæmt mati Sameinuðu þjóðanna. Helst má rekja aukinn flóttamannastraum á árinu 2019 til bágborins efna-hagsástands og mannréttindabrota í Venesúela og áframhaldandi stríðsátaka í Sýrlandi og Suður-Súdan, svo nokkur dæmi séu tekin.

Mikil meirihluti flóttafólks eða 68% kemur frá aðeins fimm ríkjum heims:



1.1 Endurbúsetu- og kvótaflóttamannakerfið

Þrátt fyrir mikinn flóttamannastraum hafa ríkari þjóðir heims brugðist þeirri skyldu sinni að taka sameiginlega ábyrgð á flóttamannavanda heimsins en 85 prósent flóttafólks í heiminum eru hýst í þróunarlöndum. Ef staðsetning hælis er skoðuð eru það einstaklingar í Austur- og Norðaustur-Afríku sem hafa mesta þörf fyrir búferlaflutninga. Þar á eftir kemur Tyrkland, þar sem 3,6 milljónir flóttamanna búa, Mið-Austurlönd, Norður-Afríka, Mið-Afríka og svæðið vestan Viktoríuvatns.

Vernd flóttafólks er ekki gjöf heldur skylda samkvæmt alþjóðalögum og ljóst að ríkari þjóðir heims verða að taka meiri ábyrgð á verndun flóttafólks með því að efla öruggar og lagalegar leiðir til móttöku þess. Slíkar leiðir gera flóttafólki kleift að sækja um alþjóðlega vernd án þess að þurfa að ferðast yfir opið haf á yfirfullum bátum, ganga hundruð kílómetra með börnin sín í fanginu og eiga sínar á bakinu eða afhenda smyglurum allt það sparifé sem það hefur lagt fyrir til að leggja á sig lífshættulegt ferðalag yfir landamæri til Evrópu.

Ghias Aljundi flúði frá Sýrlandi til Bretlands árið 1999 vegna mannréttindabaráttu sinnar. „Enginn vildi flýja Sýrland. Við erum frá Tartus, fallettri borg við Miðjarðarhafsströndina. Ég var settur í fangelsi í fjögur ár þar sem ég sætti pyndingum vegna vinnu minnar í mannréttindamálum og sem blaðamaður, þannig að ég flúði til Bretlands.“ Ghias er einn af þúsundum sjálfboðaliða sem hafa aðstoðað flóttafólk sem flýr til Grikklands og einn daginn bjargaði hann eigin fjölskyldu úr gúmmibát. „Ég bar svo mörg börn úr bátunum, m.a. þriggja ára frænku mína Sirin – ég vissi ekki að þetta væri hún fyrr en síðar. Ættingjar mínir ferðuðust áfram til Þýskalands þar sem þau fengu öll dvalarleyfi. Þau sækja nú tungumálanám og bíða eftir leikskólaplássi fyrir börnin. Mágkona mín sagði við mig: „Mér líður aftur eins og manneskju.“ Hún eignaðist heilbrigðan son sem kom í heiminn í Þýskalandi. Þegar flóttafólki er tekið opnum örmum fyllist það von – það þarfnast vonar meira en nokkurs annars. Það færir fólki aftur mannlega reisn. Þess vegna eru lausnir eins og endurbúseta svo mikilvægar. Við getum ekki skilið fólk eftir. Fólk sem hefur lagt á sig hættulega bátsferð ásamt börnum sínum er oft í höndum hrottafenginna smyglara eða á stöðum þar sem það hefur verið fast í áratugi, eins og í Keníu eða Pakistan. Það skiptir öllu máli fyrir flóttafólk að geta ferðast á öruggan og lögmætan hátt til landa sem geta veitt því vernd og börnunum framtíð. Þú vilt ekki að barnið þitt fæðist inn í aðstæður þar sem óvissa ríkir. Þú vilt geta tryggt börnum þínum skólagöngu og að þau séu örugg.“

Endurbúsetukerfið, sem er ein af öruggum og lagalegum leiðum til að tryggja vernd flóttafólks þegar því er ekki unnt að snúa aftur til síns heima sökkum átaka eða ofsókna eða þegar fyrsta móttökulandið getur ekki tryggt því vernd, er raunveruleg og varanleg lausn fyrir flóttafólk. Endurbúsetukerfið getur veitt því flóttafólki vernd sem er hvað berskjaldast – til dæmis fólki sem hefur sætt pyndingum eða konum sem eiga á hættu að verða fyrir misnotkun.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sendir fólk sem er á flótti frá heimalandi sínu til viðtökulanda um allan heim. Val stofnunarinnar er byggt á mati á sjö þáttum sem segir til um hverjir þurfa mest á endurbúsetu að halda þar sem þörf þeirra á vernd er ekki fullnægt í því landi sem þeir dvelja í eða vegna þess að aðrar langtímalausnir skortir. Kvótaflóttamenn eru valdir úr hópi





fólks sem þegar hefur fengið stöðu flóttamanna, annaðhvort samkvæmt flóttamannasáttmálanum eða samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunarinnar, sem er rýmri og nær meðal annars yfir fólk sem er á flótta undan vopnuðum átökum. Flóttamannastofnunin kynnir svo mál einstakra flóttamanna eða hópa flóttamanna fyrir löndum með flóttamannakvóta. Því næst athugar viðkomandi land hvort rök flóttamanna fyrir vernd séu í samræmi við lög landsins og þau skilyrði sem landið hefur sett varðandi móttöku kvótaflóttamanna. Þegar flóttamanni er boðin endurbúseta í gegnum kvótaflóttamannakerfið er staðið að móttöku hans með skipulögðum hætti og ferð hans til viðtökulandsins er örugg. Íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í kvótaflóttamannakerfinu frá árinu 1956 en samþykkt var árið 2020 að taka á móti 100 einstaklingum, þar af 85 í gegnum kvótaflóttamannakerfið og 15 frá grísku eyjunni Lesbos. Íslandsdeild Amnesty International fagnar því að íslensk stjórnvöld skuli hafa eftt móttöku kvótaflóttafólks frá árinu 2015 en gera má enn betur í þessum efnum.

Fleiri flóttamenn en nokkru sinni þurfa á þeirri vernd að halda að fá endurbúsetu í þriðja landi eða alls 1,44 milljónir. Þörfin fyrir endurbúsetu flóttafólks í Evrópu er enn mjög mikil og jókst um 1% á milli áranna 2019 og 2020 eða úr 420 þúsundum í tæp 424 þúsund. Langflest flóttafólkið er sýrlenskt og býr við hrikalegar aðstæður í Tyrklandi en margir koma einnig frá Afganistan og Írak.

Árið 2019 fengu 63.600 flóttafólks endurbúsetu í 29 löndum með aðstoð Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem er 14% aukning frá árinu 2018 en færri en fengu endurbúsetu árið 2017. Enda þótt því markmiði sem stefnt var að í þriggja ára áætlun Sameinuðu þjóðanna um endurbúsetu hafi verið náð árið 2019 er ólíklegt að takist að veita 70.000 flóttafólks endurbúsetu í 31 landi árið 2020, eins og stefnt var að, í ljósi kórónuveirufaraldursins.

Árið 2019 var aðeins **4,5%** af endurbúsetuþörf mætt á heimsvísu og í október 2020 höfðu aðeins 35.155 flóttafólks fengið endurbúsetu í þriðja ríki. Meðal þeirra ríkja sem hafa skuldbundið sig til að veita flóttafólki endurbúsetu eru m.a. Bandaríkin, Kanada, Þýskaland, Bretland, Ástralía og Norðurlöndin, þeirra á meðal Ísland.



Samkvæmt skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um þörf fyrir búsetu í nýju landi árið 2021 eru Sýrlendingar sú þjóð þar sem flestir þurfa ný búsetuúrræði (41%) en þar á eftir kemur flóttafólk frá Suður-Súdan (9%) og Kongó (9%).

Þessar tölur sýna fram á þá brýnu þörf að auka við þann fjölda flóttafólks sem fær endurbúsetu í þriðja ríki.

1.2 Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna 2018

Hinn 17. desember 2018 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sáttmála um málefni flóttafólks þar sem kveðið er á um jafna og sanngjarna dreifingu ábyrgðar meðal ríkja heims á málefnum flóttafólks. Hugmyndin er að sýna samstöðu með ríkjum sem taka á móti mörgu flóttafólki og minnka álagið á þau ríki.

Samkomulagið felur m.a. í sér viljayfirlýsingu þess efnis að ríki Sameinuðu þjóðanna stórefli öruggar og lagalegar leiðir til móttöku flóttafólks þannig að fleira flóttafólk geti sótt vernd í þriðja ríki svo sem fyrir tilstilli fjölskyldusameiningar, atvinnuleyfa, námsmannaáritunar og með því að samfélagið gerist bakhjarlar flóttafólks.

Árið 2019 kynntu Flóttamannastofnun SP og samstarfsaðilar hennar síðan þriggja ára stefnu um endurbúsetuleiðina (2019–2021) og viðbótarleiðir í takt við Sáttmála um málefni flóttafólks. Endurbúsetuleiðin gerir ráð fyrir að árið 2028 hafi ein milljón flóttamanna flust búferlaflutningum og tvær milljónir flóttafólks komið til nýs lands með viðbótarleiðum. Til að ná þessu markmiði þurfa fleiri lönd að taka þátt í búferlaflutningum og bjóða flóttafólki að koma, auk þess sem viðbótarleiðir eru nauðsynlegar en stefnt er að þátttöku 50 ríkja.

Ein örugg og lagaleg leið sem vert er að kynna og er í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í stefnu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um endurbúsetuleiðina er Bakhjarlar flóttafólks eða Community Sponsorship sem víða hefur gefið mjög góða raun.

2

Bakhjarlar flóttafólks

Undanfarin ár hafa Bakhjarlar flóttafólks vakið stigvaxandi athygli. Fjölmörg ríki, svo sem Argentína, Ástralía, Þýskaland, Írland, Nýja-Sjáland, Spánn og Bretland, hafa tekið upp bakhjarlaleiðina, annaðhvort sem tilraunaverkefni eða til frambúðar. Bakhjarlar flóttafólks eiga rætur að rekja til ársins 1979 í Kanada. Síðan þá hafa rúmlega 300 þúsund flóttamenn komið til landsins fyrir tilstilli leiðarinnar.

Allt frá árinu 2015 hefur áhugi Evrópu á Bakhjörllum flóttafólks aukist verulega. Árið 2016 var *Global Refugee Sponsorship Initiative (GRSI)* stofnað til að hvetja til og styðja við verkefnið um allan heim. Í júlí 2018 sendu ráðherrar innflytjendamála í Argentínu, Kanada, Írlandi, Nýja-Sjálandi, Bretlandi og Spáni frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem ríkin skuldbundu sig til að prófa eða innleiða Bakhjarla flóttafólks til frambúðar. Var það gert til að taka sameiginlega ábyrgð á flóttamannavanda heimsins, betrumbæta aðlögun og finna nýjar lausnir við vernd flóttafólks.

Um þessar mundir hefur Evrópusambandið áhuga á Bakhjörllum flóttafólks. Framkvæmdastjórn sambandsins hefur látið vinna fýsileikakönnun um málið og sett á fót sjóðinn *Asylum, Migration and Integration Fund (AMIF)* til fjármögnunar verkefna sem stuðla að aðlögun einstaklinga í leit að vernd í gegnum Bakhjarla flóttafólks.

2.1. Hvað eru Bakhjarlar flóttafólks?

Það er engin viðurkennd skilgreining á Bakhjörllum flóttafólks en kjarni hugmyndarinnar felur í sér sameiginlega ábyrgð borgaralegs samfélags og ríkisins á aðlögun flóttafólks.

Bakhjarlar flóttafólks er ferli þar sem einstaklingar úr hópi almennra borgara, hópar eða samfélög bjóða fjárhagslega, sálræna og hagnýta aðstoð við móttöku og aðlögun flóttafólks í eigin landi yfir tilgreint tímabil. Bakhjarlar flóttafólks fela í sér eftirfarandi atriði:

- ▶ Fyrirhugaða komu flóttafólks
- ▶ Örugga og lagalega leið
- ▶ Sameiginlega ábyrgð á fjárhagslegum og félagslegum stuðningi stjórnvalda, borgaralegs samfélags og einstaklinga yfir tilgreint tímabil
- ▶ Að stjórnvöld haldi áfram að bera endanlega ábyrgð á aðlögun flóttafólks

Bakhjarlar flóttafólks eru tengdir en aðgreindir frá endurbúsetu. Endurbúseta er ein af þremur alþjóðlega viðurkenndum varanlegum lausnum sem fela í sér flutning flóttamanns frá gítilandi til endurbúsetulands þar sem hann fær varanlega vernd.

Engin ein nálgun hentar öllum bakhjörum. Áskorunin felur í sér að finna líkan sem passar inn í sérstakt samhengi hvers lands fyrir sig og byggja á lærdómi annarra landa.

Flestar útfærslur Bakhjarla flóttafólks hafa mótast nýlega til að bregðast við ástandinu í Sýrlandi, New York-yfirlýsingunni og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni flóttafólks (*The Global Compact on Refugees*). Svo virðist sem ríki fari tvær leiðir við að útfæra Bakhjarla flóttafólks:

- ▶ sem tæki við móttöku eftir komu til landsins og stuðningur við aðlögun flóttafólks sem Flóttamannastofnun SP hefur veitt stöðu flóttamanns og er það við bakhjarla. Í stuttu máli mætti kalla þessa útfærslu „stuðningsendurbúsetu“
- ▶ sem leið til að leyfa samfélögum að styrkja og aðstoða við móttöku og veru útnefndra einstaklinga, sem ekki hafa fengið stöðu flóttamanns hjá SP en verið valdir af einstaklingum eða samtökum. Flóttamannastofnun SP lítur á þessa útfærslu sem viðbótarleið

Sú útfærsla sem lögð er áhersla á hér byggist á fyrri hugmyndinni um „stuðningsendurbúsetu“. Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í eigin landi koma sjálfbærleikar, einkaaðilar eða samtök, að endurbúsetuferlinu með því að leggja fram fjárhagsaðstoð og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu.

Þannig myndu bakhjarlar safna tiltekinni fjárupphæð fyrir t.d. kvótaflóttafjölskyldu, sjá um að finna fjölskyldunni húsnæði, hjálpa henni að finna húsgögn og koma sér fyrir, fóta sig í kerfinu, leita að atvinnu, finna nauðsynleg námskeið, t.d. tungumálanámskeið, skrá sig í þau kerfi á vegum ríkisins sem þarf til að geta sótt nauðsynleg og sjálfsögð réttindi eins og t.d. nám og heilbrigðisþjónustu og almennt að aðstoða flóttafólkið eftir þörfum. Bakhjarlar aðstoða flóttafólkið frá upphafi, taka á móti því á flugvælinum o.s.frv. Byrjað er að undirbúa komu flóttafólksins um ári fyrir komu þess.

2.2. Lykilaðilar í Bakhjörum flóttafólks

Árangursríkt starf Bakhjarla flóttafólks byggist á stuðningi og náinni samvinnu borgaralegs samfélags og stjórnvalda. Hér verður farið stuttlega yfir hlutverk og ábyrgð ákveðinna lykilaðila byggt á reynslu og framkvæmd annarra ríkja.

Stjórnvöld

Þrátt fyrir að Bakhjarlar flóttafólks treysti á aukna þátttöku almennra borgara í móttöku flóttafólks gegna stjórnvöld mikilvægu hlutverki við að setja rammann í kringum umrædda móttökuleið, veita eftirlit, ákveða hverjir eru umboðsaðilar Bakhjarla flóttafólks (sjá hér á eftir) o.s.frv.

Sveitarfélög

Sveitarfélög eru mikilvægir aðilar á öllum stigum mótunar, innleiðingar og við að styðja við bakhjarlaleiðina. Á Norðurlöndum gegna sveitarfélögin mikilvægu hlutverki í að veita stuðning við aðlögun flóttafólks. Sveitarfélög búa yfir margra ára reynslu og sérþekkingu á umræddu sviði, sem er afar dýrmætt fyrir bak-



hjarla að læra af. Helstu skyldur sveitarfélaga eru að vinna með bakhjörllum með því að deila reynslu sinni og þekkingu og taka við stuðningi við flóttafólk þegar bakhjarlatímabili lýkur.

Umboðsaðilar Bakhjarla flóttafólks:

Kanada hefur þróað líkan þar sem ríkið semur við traust samtök borgaralegs samfélags til að para saman bakhjarlahópa og flóttafólk sem valið er í gegnum endurbúsetu og veita þjálfun og stuðning bæði fyrir bakhjarla og flóttamenn á bakhjarlatímabilinu. Umboðsaðilar mega einnig vera bakhjarlar sjálfir. Helstu skyldur þeirra eru því að fá tilvísanir frá innflytjendayfirvöldum; velja, þjálfra og aðstoða bakhjarla; para þá við flóttafólk og aðstoða flóttafólk ef samband þess við bakhjarla verður að engu.

Bakhjarlar:


Í flestum löndum eru bakhjarlar í góðgerðarsamtökum eða fimm manna hópur eða meira af almennum borgurum sem eru metnir hæfir annaðhvort af umboðsaðilum Bakhjarla flóttafólks eða stjórnvöldum. Einstaklingar í bakhjarlahópum verða að vera til í að skuldbinda sig og vera skipulagðir og þjálfaðir í að aðstoða flóttafólk. Bakhjarlar verða líka að sýna að þeir hafi fjárhagslega burði til að standa straum af kostnaði á styrktartímabilinu. Bakhjarlarnir eru því ábyrgir fyrir að gera nákvæma aðlögunar/búsetuáætlun; sýna fram á fjárhagslega getu; hafa þekkingu á nærþjónustu; sýna að þeir búi yfir færni sem þörf er á hjá bakhjarlahópi (svo sem túlkur, endurskoðandi o.s.frv.) og vera tilbúnir til að vinna með sveitarfélaginu.

Flóttamenn:

Í löndum þar sem Bakhjarlar flóttafólks eru við lýði hafa flóttamenn í flestum tilvikum verið valdir af ríkinu í gegnum Flóttamannastofnun SP, í ferli sem líkist því þegar kvótaflóttafólk er valið til endurbúsetu hér á landi. Hins vegar hefur Kanada einnig leyft bakhjörllum að útnefna manneskjuna sem þeir vilja styðja, sem í mörgum tilvikum hefur verið notað við fjölskyldusameiningu. Líkt og á við um aðra sem fá endurbúsetu eru flóttamennirnir ábyrgir fyrir því að aðlagast sínu nýja samfélagi, læra tungumálið og taka þátt í aðlögunarverkefnum.

Einkaaðilar:

Ekki hefur verið mikið um að fyrirtæki gegni ákveðnu hlutverki í Bakhjörllum flóttafólks. Í Kanada hafa fyrirtæki þó tekið æ meiri þátt sem bakhjarlar og í Þýskalandi virðist sem fyrirtæki hafi stutt við verkefnið á landsvísu. Hins vegar eru mikil tækifæri í því að fá einkafyrirtæki til að gegna ákveðnu hlutverki í Bakhjörllum flóttafólks. Fyrirtæki geta átt stóran þátt í að bjóða flóttafólki atvinnutækifæri og/eða bjóða fjárhagsaðstoð til bakhjarla, annaðhvort beint eða í gegnum sjóði sem bakhjarlar geta sótt í.



2.3. Af hverju er Bakhjarlar flóttafólks vænleg leið?

Hér eru nefndar þær hagsbætur sem Bakhjarlar flóttafólks veita samfélögum:

Hagsbætur fyrir ríkið

- ▶ Betri aðlögun flóttafólks í samfélaginu. Sýnt hefur verið fram á að kvótaflóttafólk sem kemur í þriðja land fyrir tilstilli bakhjarla á auðveldara með að mynda félagsleg tengsl, lærir tungumálið fyrr í móttökulandinu og fær fyrr vinnu en flóttafólk sem kemur í gegnum aðrar leiðir, þar sem fyrrnefndi hópurinn tengist fastmótuðum, dyggum stuðningshópi í samfélaginu.
- ▶ Meiri möguleikar fyrir flóttafólk að komast inn á atvinnumarkaðinn, sem er efnahagslega hagkvæmt til lengri tíma.
- ▶ Skipulagðir búferlaflutningar einstaklinga sem þegar hafa fengið stöðu flóttafólks og árlegur fjöldi kvótaflóttafólks er fyrirsjáanlegur.
- ▶ Samfélög verða til og menning skapast sem býður flóttafólk sannarlega velkomið á landsvísu.
- ▶ Sterkari bönd myndast á milli flóttafólks og borgara, sem styrkir samfélagsgerðina.
- ▶ Traustur grunnur skapast fyrir langtímaskuldbindingu um vernd flóttafólks.
- ▶ Árangursríkt samstarf á milli borgaralegra samtaka og íbúa landsins.
- ▶ Fjárhagslegur sparnaður fyrir ríkið þar sem bakhjarlar bera oftast einhverja fjárhagslega ábyrgð á móttöku og aðlögun kvótaflóttafólksins, m.a. á meðan flóttafólkið er að koma undir sig fótunum í móttökulandinu, t.d. með því að útvega húsnæði. Tekið skal fram að fjárhagsleg skuldbinding bakhjarla ætti þó hvorki að vera ósanngjörn né óhóflega mikil.

Hagsbætur fyrir samfélagið

- ▶ Dregur úr neikvæðri umræðu um flóttafólk, fordómum og útlendingahatri. Borgarar jákvæðari í garð flóttafólks og skilningur eykst á aðstæðum þess.
- ▶ Sterkari bönd myndast á milli flóttafólks og bakhjarla.
- ▶ Félagsleg samheldni eykst í samfélögum þar sem bakhjarlar styðja við flóttafólk.
- ▶ Borgaraleg samtök og bakhjarlar gegna mikilvægu hluterki í að bjóða flóttafólk velkomið.

Hagsbætur fyrir bakhjarla

- ▶ Bakhjarlar leggja mikið af mörkum við mótun nýrrar kynslóðar sem er samfélagslega virk og býr að samfélagsnæmi.
- ▶ Aukin þekking á stríðsátökum, nauðungarflutningum og menningarlæsi.
- ▶ Náin vinátta bakhjarla við flóttafólk sem varir út lífið.
- ▶ Raunhæf lausn fyrir samfélög og einstaklinga sem vilja aðstoða flóttafólk, nánar tiltekið möguleikinn á að veita flóttafólki griðland og vernd í nærsamfélaginu í samstarfi við stjórnvöld.
- ▶ Rík tilfinning fyrir eignarhaldi sem kemur með ábyrgð, tækifæri til að aðstoða og upplifun stolts.





Hagsbætur fyrir flóttafólk

- Dyggur og traustur hópur bakhjarla styður við aðlögun flóttafólks allt frá komu þess til móttökulandsins.
- Aukin vernd. Ef allt væri eins og best verður á kosið þá eru Bakhjarlar flóttafólks viðbót við endurbúsetuleiðina þannig að aukið er við fjölda flóttafólks sem fær varanlega vernd í þriðja ríki sem það annars fengi ekki.
- Betri aðlögun flóttafólks í samfélaginu m.a. vegna sterkra félagslegra tengsla í nýju landi.*
- Samband bakhjarla og flóttafólks getur dregið úr hættunni á félagslegri einangrun flóttafólks og greiðir leiðina fyrir tvíhliða aðlögun í samfélaginu, þ.e. bæði flóttafólksins og íbúanna.
- Varanleg vinátta sem varir umfram bakhjarlatímabilið.
- Bakhjarlar búa nálægt flóttafólkinu og geta veitt því samfélagslegan stuðning sem er ólíkur þeim stuðningi sem sveitarfélög eða ríkið veita.
- Fjárhagslegur og hagnýtur stuðningur við flóttafólk.

* „Sterk félagsleg tengsl geta aukið á öryggis tilfinningu og ýtt burtu hindrunum sem standa í vegi fyrir góðri aðlögun í samfélaginu. Hér leikur stuðningur bakhjarla stórt hlutverk í að veita þann viðbótarstuðning sem stjórnvöldum er ekki fært að veita.“ A comparison of community sponsorship and government-led resettlement of refugees in the UK, Key Findings, p. 4

2.4. Greining á þjónustu við flóttafólk

Í könnunum sem gerðar voru árin 2016 og 2017 á vegum Alþjóðamálastofnunar og Háskóla Íslands um stöðu flóttafólks á Íslandi og þjónustu við það kemur m.a. fram að aðeins 42% flóttamanna sem fengu dvalarleyfi á árunum 2004–2015 voru í launuðu starfi og mikill meirihluti sagði að íslenskukennslu væri ábótavant en slík kunnátta væri lykillinn að íslensku samfélagi. Þá töldu þátttakendur í könnuninni einnig mikilvægt að auka aðgengi að mikilvægum upplýsingum og bentu á mikilvægi skipulegs stuðnings og upplýsingagjafar. Í rýnihópnum lýstu þátttakendur því að þeim þætti óljóst hvaða stuðningi þeir ættu rétt á. Þá kom einnig fram að þátttakendur voru sammála um að gera þyrfti einstaklingsbundna áætlun um hvernig skuli staðið að farsælli aðlögun fyrir hvern og einn. Enn fremur töldu þátttakendur um að þeir fengju ekki hagnýtar upplýsingar um réttindi sín eða íslensk lög né heldur voru þeir upplýstir um hvar ætti að sækja slíkar upplýsingar.

Það er álit Íslandsdeildar Amnesty International að verði Bakhjörllum flóttafólks komið á hér á landi, þar sem skipulagt og náð samband myndast strax frá komu flóttafólks til landsins á milli bakhjarla og flóttafólks, verði mun auðveldara fyrir flóttafólk að læra tungumálið og upplýsingagiöf verði markvissari og aðgengilegri, svo sem um landið og menninguna, sem gerir alla aðlögun betri.

Kona sem hafði búið á Íslandi í nokkur ár lýsti því hve miklu máli það skipti að fá fræðslu og upplýsingar til þess að geta aðlagast samfélaginu og orðið fullgildur þegn þess:

„Núna veit ég hver eru mín réttindi, en það er bara eitthvað sem ég veit núna, eftir [þessi] ár. Líka svona upplýsingar um landið, og líka meira að hugsa um tungumálið og hvernig við ætlum að blandast inn í samfélagið. Manni finnst maður alltaf hafa verið fjarlægur.“

[Kvótaflóttakona]. (Greining á þjónustu við flóttafólk, 2016 bls. 19)

Í greiningarskýrslunni segir jafnframt að stuðningsfjölskyldur auðveldi aðlögun flóttafólks að samfélaginu en hins vegar sé tilviljunarkennt hverjir fái slíkan stuðning. Þá kom einnig fram að núverandi kerfi, þar sem fólk getur gerst sjálfbóðaliðar í gegnum heimasíðu Rauða krossins, sé lítil hvatning fyrir fjölskyldur á Íslandi til að taka að sér að veita stuðning við flóttafjölskyldur. Þess vegna er brýnt að koma þessu mikilvæga stuðningsformi í formlegan farveg sem verður raunin sé Bakhjörllum flóttafólks komið á.

Viðhorf þátttakenda til komunnar til Íslands voru blandin. Þau gagnrýndu sum stefnuleysi í málefnum flóttafólks og fannst brýnt að stjórnvöld ynnu betur og skipulegar til að stuðla að betri aðlögun og betra lífi flóttafólks sem kemur til landsins.

„Þegar Ísland kemur með flóttamenn þá er verið að gefa fólki von um betra líf. En við finnum ekki að hér sé betra líf. Flestir eru með andleg vandamál og margir hugsa að það var miklu betra að vera þar en að vera hér. Við erum með ekkert félagslíf, hér er mikið myrkur, þannig að það er mikið sem við getum ekki ráðið fram úr.“

[Kvótaflóttakona] (Greining á þjónustu við flóttafólk, 2016, bls. 28)



2.5. Könnun Amnesty International á afstöðu til flóttafólks

Sumarið 2016 ýtti Maskína úr vör könnun fyrir Íslandsdeild Amnesty International þar sem spurt var um afstöðu Íslendinga til flóttafólks. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu á netinu og svöruðu 1.159 einstaklingar á öllu landinu af báðum kynjum, á aldrinum 18–75 ára.

Þrjár meginspurningar voru lagðar fram í skoðanakönnuninni og tóku þær mið af spurningum sem lagðar voru fram í Globescan-könnun sem aðalstöðvar Amnesty International létu gera í 27 löndum í maí 2016, þvert á allar heimsálfur, og náði til 27 þúsund einstaklinga.

Skoðanakönnun Maskínu, eins og könnun Globescan, mældi viðhorf svarenda til þess hvort flóttafólk ætti að geta leitað hælís í öðrum löndum. Þá var spurt hvort íslensk stjórnvöld ættu að gera meira til að hjálpa þeim sem eru á flótta undan stríði eða ofsóknum. Loks mældi skoðanakönnun Maskínu mismunandi viðhorf til móttöku flóttafólks, þ.e. hversu nálægt heimahögum Íslendingar eru tilbúnir að bjóða flóttafólk velkomið: á heimili sitt, hverfið sitt, bæinn sinn, borgina sína eða sveitarfélag, landið sitt eða hvort þeir myndu vilja neita flóttafólki um inngöngu í landið.

Skoðanakönnun Maskínu leiddi í ljós að mikill meirihluti aðspurðra Íslendinga, **85,5%**, er tilbúinn til að taka flóttafólki opnum örmum, sem er í takt við niðurstöður Globescan-könnunarinnar þar sem 80% sögðust tilbúin að bjóða flóttafólk velkomið.

Tæplega **74%** aðspurðra voru sammála þeirri fullyrðingu að íslensk stjórnvöld ættu að gera meira til að hjálpa þeim sem eru á flótta undan stríði eða ofsóknum.

Almenningur tilbúinn að bjóða flóttafólk velkomið

Almenningur á Íslandi er einnig mjög viljugur að bjóða flóttafólk velkomið nærri heimahögnum. Tæp **65%** eru tilbúin að taka á móti flóttafólki í hverfið sitt, þar af eru tæp **13%** tilbúin að bjóða flóttafólk velkomið á heimili sitt.

Marktækur munur var á svörum eftir kyni en tæp 46% karlmanna sögðust tilbúin að bjóða flóttafólk velkomið í hverfið sitt en tæp 59% kvenna. Þá var jafnframt marktækur munur á svörum eftir aldri en töluvert fleiri á aldrinum 25–34 ára eða rúm 63% voru tilbúin að bjóða flóttafólk velkomið í hverfið sitt á móti rúmum 43% á aldrinum 55 ára og eldri. Þá voru tæp 23% aðspurðra yngri en 25 ára tilbúin að bjóða flóttafólk velkomið á eigin heimili.



3

Af hverju Amnesty International?

Amnesty International berst fyrir því að flóttafólk sé ekki sent aftur til landa þar sem það á á hættu að verða fyrir ofsóknum og þar sem alvarleg mannréttindabrot eiga sér stað.

Árið 2016 ýttu samtökin úr vör alþjóðlegri herferð sem nefnist **Velkomin** en meginmarkmið hennar var að þrýsta á fleiri ríki um að skuldbinda sig til að vernda flóttafólk með raunverulegri deilingu ábyrgðar og ennfremur að tryggja fleiri öruggar og lagalegar leiðir til slíkrar verndar. Amnesty International telur að með því að samþykkja að dreifa ábyrgðinni á verndun flóttafólks af meiri alvöru geti stjórnvöld sýnt ábyrgð í verki. Flóttamannavandinn er því fyrst og síðast forystuvandi. Það skortir pólitískan vilja meðal forystumanna efnaðri þjóða heims til að bjóða fleira flóttafólk, sérstaklega úr viðkvæmum hópum, velkomið og léttu byrði fátækari þjóða heims sem hýsa flest flóttafólk. Viðbrögð stjórnvalda og almennings við vanda flóttafólks munu skilgreina hvernig heimi við og komandi kynslóðir lifum í. Ef ríki vinna saman og deila ábyrgðinni getum við tryggt að fólk sem hefur þurft að flýja heimili sín, án nokkurra saka, geti endurheimt líf sitt í öruggum aðstæðum annars staðar. Ef við grípum ekki til aðgerða mun fólk halda áfram að drukkna á flóttu, deyja úr sjúkdómum í núturlegum flóttamannabúðum eða á varðhaldsstöðum, sjúkdómum sem að öllu jöfnu væri hægt að fyrirbyggja, eða að verða sent aftur til síns heima þar sem stríðsástand ríkir.

Vandamálið er ekki fólgið í heildarfjölda flóttafólks í heiminum í dag heldur þeirri staðreynd að auðugustu ríki heims hýsa fæst flóttafólk og gera minnst. Vandinn mun ekki hverfa fyrr en leiðtogar heims ákveða að takast beint á við hann með því að viðurkenna þá ábyrgð sem þeir bera og mikilvægi þess að vinna saman og deila ábyrgðinni á marktækan hátt. Alþjóðasamfélagið verður að gera miklu meira en það hefur gert hingað til. Það sem til þarf eru róttækar breytingar á núverandi flóttamannastefnu og framkvæmd á heimsvísu.

Með því að efla lagalegar leiðir getur fleira flóttafólk fengið griðland með öruggum hætti, til dæmis í gegnum endurbúsetukerfið. Slík verkefni geta verið sprottin úr nærsamfélaginu t.d. fyrir tilstilli Bakhjarla flóttafólks, eins og í Kanada.

Íslandsdeild Amnesty International hefur þrýst á íslensk stjórnvöld um nokkurt skeið að gera betur í að tryggja flóttafólki raunverulegar, öruggar og löglegar flóttaleiðir undan stríði og átökum. Íslandsdeildin hefur m.a. hvatt





Íslensk stjórnvöld til að bjóða fleira kvótaflóttafólki endurbúsetu á ársgrundvelli en gert hefur verið og átti deildin nokkra fundi með ráðamönnum vegna þessa á árunum 2016 til 2018.

Amnesty International vinnur að Bakhjörllum flóttafólks í átta löndum víðsvegar um heiminn. Í ljósi þess að flóttafólki fer fjölgandi og tækifæri til að snúa aftur til heimalandsins fara þverrandi fyrir milljónir manna er mikilvægt að vera djörf og metnaðarfull við að finna leiðir fyrir þá sem eru í þörf á nýrri byrjun í öruggum aðstæðum.

Amnesty International telur að Bakhjarlar flóttafólks mæti þessum áskorunum með möguleikanum á að leiða saman krafta og færni milljóna manna til að bjóða þá sem hafa verið neyddir til að leggja á flótta velkomna í hverfi sín. Með Bakhjörllum flóttafólks aðstoða samfélög ekki einungis flóttafólk við að fóta sig í nýjum heimkynnum heldur getur það haft þann viðbótarávinning að skapa opnari samfélög.

Okkar sýn er sú að þetta tækifæri verði að veruleika um allan heim með aðgengilegum, sjálfbærum og árangursríkum bakhjarlaleiðum sem blása nýju lífi í samfélög um ókomna tíð.

4

Yfirlit bakhjarlaleiða

Á undanförnum árum hefur fjöldi landa, innan og utan Evrópu, komið á ólíkum bakhjarlaleiðum. Hér verður gefið yfirlit yfir lönd sem komið hafa á Bakhjörllum flóttamanna en það veitir innsýn í hversu margvíslegar gerðir eru til af þessari leið. Þá verða sérstaklega tekin dæmi um bakhjarlaleiðir í Bretlandi og Þýskalandi.

Bretland:

Árið 2016 var Bakhjörllum flóttafólks komið á sem hluta af endurbúsetukerfi Bretlands. Lögð var áhersla á að bakhjarlaleiðin bætti aðlögun kvótaflóttafólks sem kom til landsins í gegnum kvótaflóttamannakerfi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Bakhjarlar verða að tilheyra góðgerðarsamtökum sem skráð eru í Bretlandi og standa fyrir fjárhagslegum og félagslegum stuðningi í eitt ár og húsnæðis-kosti í tvö ár. Þeir verða að safna 1,4 milljónum íslenskra króna áður en flóttafólkið kemur til landsins. Bakhjarlar verða einnig að hljóta samþykki viðkomandi sveitarfélags þar sem flóttafólkið hefur aðsetur.

Upphaflega var bakhjarlaleiðin ekki viðbót við fjölda kvótaflóttafólks sem kom í gegnum endurbúsetukerfið en árið 2020 var ákveðið að leiðin yrði nýtt til að auka við fjöldann.

Í júlí 2016 tilkynnti innanríkisráðherra Bretlands að aukið yrði við kvóta flóttamanna sem tilheyrðu viðkvæmum hópum í gegnum endurbúsetukerfið (*Vulnerable Persons Resettlement Scheme*) og að 20.000 flóttamenn kæmu til landins fyrir tilstilli þeirrar leiðar. Þá var einnig tilkynnt að stefnt yrði að endurbúsetu 3.000 barna í viðkvæmri stöðu árið 2020. Þessi aukning fól m.a. í sér bakhjarlaleiðina sem var þróuð af innanríkisráðuneytinu í samstarfi við Flóttamannastofnun SP og fjölda frjálsra félagasamtaka.

Árið 2018 settu innanríkisráðuneytið og mannúðarsamtök á laggirnar samtökin *Reset Communities and Refugees (Reset)* sem ætlað er að styðja við bakhjarlaleiðina. Reset kynnir bakhjarla flóttafólks, þjálfar þá og gegnir því hlutverki að vera tengiliður á milli bakhjarla og innanríkisráðuneytisins.

Um það bil 400 flóttamenn hafa komið til Bretlands fyrir tilstilli bakhjarlaleiðarinnar og nærri 200 hópar hafa gerst bakhjarlar flóttafólks eða eru í ferli til að fá samþykkt að gerast slíkir bakhjarlar.

Samkvæmt nýlegu mati á bakhjarlaleiðinni kom í ljós að hún hefur gefið góða raun bæði fyrir bakhjarla og flóttafólk, enda þótt báðir aðilar hafi greint frá nokkrum erfiðleikum við að finna vinnu á fyrsta ári aðlögunar flóttafólksins.



Þýskaland:

Bakhjarlar flóttafólks í sambandsríkjum Þýskalands (*Germany's Federal Länder Sponsorship Scheme*) voru við lýði á árunum 2013 til 2018 og miðuðu að fjölskyldusameiningu sýrlenskra flóttamanna en tekið var á móti 23.500 einstaklingum á tímabilinu. Umrætt bakhjarlakerfi hefur verið gagnrýnt fyrir að vera mjög íþyngjandi fyrir bakhjarla þar sem gerð var krafa um fimm ára skuldbindingu þeirra við verkefnið. Þá lýtur gagnrýnin einnig að því að réttindi flóttafólks sem nýtur stuðnings bakhjarla voru skert.

Í febrúar 2018 tilkynnti innanríkisráðherra að ný bakhjarlaleið yrði tekin upp í Þýskalandi. Í þeim tilgangi að þróa bakhjarlaleið sem myndi henta Þýskalandi var haft samráð við nokkur frjáls félagasamtök og stofnanir auk þess sem leitað var til ráðgjafa sem komu að mótun bakhjarlaleiðarinnar í Bretlandi, kanadískra stjórnvalda og *GRSI*.

Nýju bakhjarlaleiðinni, sem kallast „Nýtt upphaf í teymi“ eða „*Neustart im Team*“ (*NesT*), var ýtt úr vör í maí 2019 og var tekið á móti fyrsta flóttamanna-hópnum í október 2019. Markmið *NesT*-bakhjarlaleiðarinnar í Þýskalandi er að tryggja betri aðlögun flóttafólks og auka vernd með móttöku fleira kvótaflóttafólks. Þessi markmið endurspeglar þá sýn að fjölbreyttari hópur flóttafólks njóti verndar.

Innanríkisráðuneytið og útlendingastofnun Þýskalands veita *NesT*-bakhjarlaleiðinni forstöðu. Tengiliðir voru skipaðir frá *Caritas* í Þýskalandi, Rauða krossinum og Mótmælendakirkjunni og skipanin fjármöggnuð með einkafram-taki. Tengiliðirnir sjá um þjálfun fyrir verðandi bakhjarla og styðja þá á fyrstu mánuðum verkefnisins. Þá eru þessir aðilar fyrsta viðkomuhöfnin ef samband bakhjarla og flóttafólks verður að engu en tengiliðunum er þá gert að finna flóttafólkinu nýja bakhjarla.

Bakhjarlar flóttafólks eru viðbót við samþykktan árlegan kvóta flóttafólks sem kemur í gegnum endurbúsetuleiðina og af mannúðarástæðum, sem var 9.700 flóttamenn árið 2019. *NesT*-bakhjarlaleiðin miðar að því að taka á móti 400 flóttamönnum árlega en er nú á reynslustigi. Flóttafólkið sem nýtur stuðnings *NesT*-leiðarinnar er valið í gegnum endurbúsetukerfi Flóttamanna-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og fær stöðu flóttafólks áður en það fær skjól í Þýskalandi.

Hópurinn sem skipar bakhjarla flóttafólks samanstendur af fimm eða fleiri einstaklingum sem bera ábyrgð á húsnæðiskostnaði flóttafólks í tvö ár og að tryggja aðlögun þess í eitt ár. Fjárhagslega skuldbindingin tengist leiguverði á félagslegu húsnæði og upphæðin er lögð inn á lokaðan og öruggan reikning áður en bakhjarlatímabilið hefst. Bakhjarlar geta gefið til kynna hvaða burði þeir hafa til að styðja við flóttamann eða flóttafjölskyldu en þeir geta ekki valið flóttafólk út frá öðrum forsendum. Um þessar mundir eru 30 hópar fólks samþykktir eða bíða samþykkis sem bakhjarlar flóttafólks.

Yfirlit yfir ólíkar bakhjarlaleiðir

KANADA

Ýmsar leiðir endurbúsetu gera hópum, einstaklingum og samtökum kleift að tilnefna flóttafólk til að styðja eða vera þöruð við flóttafólk sem hefur fengið stöðu flóttamanns hjá Sameinuðu þjóðunum. Bakhjarlar flóttafólks eru viðbót við þann fjölda kvótaflóttafólks sem stjórnvöld veita endurbúsetu en stjórnvöld setja árleg markmið um fjölda þeirra sem koma í gegnum bakhjarla flóttafólks.

BANDARÍKIN

Endurbúsetustofnanir ráða og styrkja svæðisbundna bakhjarlahópa til að aðstoða við aðlögun flóttafólks sem kemur í gegnum endurbúsetukerfið og hjálpa því að koma undir sig fótunum. Bakhjarlafyrirkomulagið aðstoðar stjórnvöld við að ná árlegum markmiðum sínum um móttöku kvótaflóttafólks.

ARGENTÍNA

„Sýrlandsverkefnið“ eða „Programa Siria“ gerir einstaklingum og samtökum kleift að tilnefna einstaklinga sem þjást vegna átakanna í Sýrlandi og gerast bakhjarlar þeirra eða vera paraðir við kvótaflóttamenn. Bakhjarlafyrirkomulagið aðstoðar stjórnvöld við að ná árlegum markmiðum sínum um móttöku kvótaflóttafólks.

BRETLAND

Bakhjarlar flóttafólks í Bretlandi eða *The Community Sponsorship Scheme* gera bakhjarlahópum í Bretlandi kleift að gerast bakhjarlar kvótaflóttamanna að því gefnu að þeir pari sig saman við svæðisbundin góðgerðarsamtök og hljóti samþykki sveitarfélaga þar um. Bakhjarlar flóttafólks eru viðbót við þann fjölda kvótaflóttafólks sem stjórnvöld veita endurbúsetu og er fjöldi þeirra sem koma í gegnum umrædda leið ótakmarkaður.

ÍRLAND

Bakhjarlar flóttafólks á Írlandi eða *Community Sponsorship Ireland (CSI)* veita hópum og einstaklingum sem eru félagar í svokölluðum svæðisbundnum hjálparsamtökum eða *Regional Support Organizations* tækifæri til að vera paraðir saman við kvótaflóttafólk. Bakhjarlaleiðin aðstoðar stjórnvöld við að ná árlegum markmiðum sínum um móttöku kvótaflóttafólks.

PORTÚGAL

Í ferli við að þróa tilraunaverkefni um Bakhjarla flóttafólks til að uppfylla alþjóðaskuldbindingar Portúgals um flóttafólk.

SPÁNN

Hið vel heppnaða frumkvæði „Auzolana II“ gerði hópum í Baskalandi, sem voru ráðnir og nutu leiðsagnar tvennra félagasamtaka, kleift að gerast bakhjarlar 29 kvótaflóttamanna. Bakhjarlar flóttafólks aðstoða stjórnvöld við að ná settum markmiðum sínum um árlegan fjölda kvótaflóttafólks. Stækka á verkefnið þannig að fleiri hópar í öðrum héruðum á Spáni geti verið með.

FRAKKLAND, BELGÍA OG ANDORRA

Í Belgíu hafa fimm trúfélög valið og greitt fyrir flutning flóttafólks frá Líbanon til Frakklands, Belgíu og Andorra, og stutt við aðlögun þess. Flóttafólk sækir um alþjóðlega vernd þegar það kemur til landsins.

ÞÝSKALAND

„Nýtt upphaf í teymi“ eða „*Neustart im Team*“ (*NesT*) er tilraunaverkefni bakhjarla flóttafólks þar sem hópar fólks hafa skuldbundið sig til að gerast bakhjarlar 500 kvótaflóttamanna. Bakhjarlar flóttafólks eru viðbót við samþykktan árlegan kvóta flóttafólks sem kemur í gegnum endurbúsetuleiðina og af mannúðarástæðum.

ÍTALÍA

Fimm trúfélög hafa valið og auðveldað búferlaflutninga flóttafólks í Líbanon og Eþíópíu til Ítalíu, og aðstoðað við aðlögun þess. Flóttafólk sækir um alþjóðlega vernd þegar það kemur til landsins.

ÁSTRALÍA

Samfélagið sem bakhjarl flóttafólks gerir einstaklingum kleift að útnefna flóttamenn sem mæta viðmiðum um menntun, tungumál og aðra kunnáttu. Pláss fyrir flóttafólk sem kemur í gegnum Bakhjarla flóttafólks er innifalið í þeim fjölda kvótaflóttafólks sem stjórnvöld taka á móti á ári hverju.

NÝJA-SJÁLAND

Tilraunaverkefni Bakhjarla flóttafólks gerir samþykktum félagasamtökum sem mæta viðmiðum um menntun, tungumál og aðra kunnáttu kleift að gerast bakhjarlar flóttafólks. Bakhjarlafyrirkomulagið er viðbót við þann fjölda kvótaflóttafólks sem stjórnvöld taka á móti á ári hverju.

AMNESTY
INTERNATIONAL



5

Ísland leggi meira af mörkum

Sífelld fleiri ríki bæði innan og utan Evrópu eru að skoða eða hafa tekið upp bakhjarlaleiðina, meðal annars til að mæta alþjóðlegum skuldbindingum sínum um að tryggja fleiri öruggar og lagalegar leiðir og taka á móti fleira flóttafólki.

Sýnt hefur verið að Bakhjarlar flóttafólks auðveldar aðlögun flóttafólks þar sem bakhjarlar eru formlegur og dyggur stuðningshópur sem dregur úr félagslegri einangrun flóttafólks, fordómar og hatur í garð útlendinga minnka, samfélagsgerðin styrkist og flóttafólk lærir tungumálið fyrr.

Það væri mikið fagnaðarefni ef Bakhjarlar flóttafólks yrði að veruleika hér á landi og ljóst að með því myndi Ísland leggja meira af mörkum til lausnar á flóttamannavandanum.







#VELKOMIN